

Matvælastofnun
b.t. Andra Snæs Þorsteinssonar
Austurvegi 64
800 Selfoss

Reykjavík, 10. mars 2022
UST202202-220/A.P.
08.12.01

Efni: Umsögn – Ræktunarleyfi fyrir skeldýrarækt í Hvammsfirði – Icelandic Mussel Company ehf.

Vísað er til erindis Matvælastofnunar (MAST) er barst 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um ræktunarleyfi fyrir Icelandic Mussel Company ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) vegna skeldýraræktar í Hvammsfirði.

Óskar MAST eftir umsögn Umhverfisstofnunar varðandi það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdarlýsing

Rekstraraðili fyrirhugar að hefja línurækt á bláskel (kræklingi) við Staðarfell í Hvammsfirði. Um er að ræða svæði sem er 6,5 km á lengd og 500 m á breidd eða um 3 km². Sótt er um leyfi fyrir allt að 300 tonna framleiðslu. Í umsókninni kemur fram að línuræktin verður langlína sem sökkð verður undir yfirborð sjávar til að forðast ísrek, æðarflugl og öldugang. Hengdur verður söfnunarkaðall til að safna lirfu fyrsta árið. Þegar sú skel er orðin 2,5 - 3,5 cm þá er hún tekin, stærðarflokkuð og sukkuð í bómullarnetsokka með miðjukaðli inn í og sett aftur á línu til áframræktunar. Þegar skelin er komin í markaðsstærð þá er hún send til vinnslu í landi.

Breiðafjarðarnefnd

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði er á Breiðafirði sem er friðlýstur en um hann gilda lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja en löggin taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, er umhverfissráðherra til ráðgjafar um vernd svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að leitað sé til nefndarinnar áður en ræktunarleyfi er gefið út.

Erfðafræðiáhrif og áhrif ræktunar á botndýralíf

Kræklingur er innlend skeldýrategund við Ísland og því ekki hættu á óáskilegum vist- eða erfðafræðilegum áhrifum af ræktun hans í íslenskum fjörðum að mati

Umhverfisstofnunar. Ef um er að ræða lírfur af svæðinu telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að ræktunin valdi óæskilegum erfðafræðiahrifum á krækling í firðinum.

Kræklingurinn nærast á þeirri fæðu sem er til staðar á ræktunarsvæðinu með síun örsmárra agna úr sjónum og er ekki fóðraður. Því er engin uppsöfnun á fæðuleifum undir línunum og ætti ræktunin ekki að hafa neikvæð áhrif á botndýralíf fyrir neðan línurnar að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að á sama svæði er annað fyrirtæki með skeldýrarækt og fleiri fyrirtæki áforma að hefja kræklingarækt í Hvammsfirði. Því telur stofnunin nauðsynlegt að vakta ræktunarsvæði svo hægt sé að fylgjast með því hvernig botndýrasamfélög svæðisins bregðast við auknu magni kræklinga í formi skeldýraræktunar.

Heilnæmiskönnun

Í umsókninni kemur fram að framkvæmd hafi verið heilnæmiskönnun innarlega í Hvammsfirði norður af Búðardal og utarlega í Hvammsfirði, þ.e. við Stykkishólm og norður af Klakkeyjum sem sýna að Hvammsfjörður henti vel til skelræktar.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er ekki vísað í nein gögn og því ekki hægt að leggja mat á hvort þessi könnun hafi verið gerð á fullnægjandi hátt og að niðurstöður hennar eigi enn við.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að eftirlit ræktunarsvæða fyrir þörungaeitur og eitruðum svifögnum sé virkt. Aukið magn eiturþörungum getur haft áhrif á viðkvæmt lífríki.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðrar ræktunar séu annars vegar vegna botnfestinga og hins vegar sjónræn áhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 9. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt getur MAST krafist þess að leyfisveitandi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi. Umhverfisstofnun telur æskilegt að krefjast slíkrar tryggingar enda hefur reynslan sýnt að ekki hefur alltaf verið staðið vel að frágangi vegna ræktunar eins og hér er fjallað um og hafa botnfestur og annar búnaður verið skilinn eftir þegar starfsemi er hætt. Því telur stofnunin að í ræktunarleyfi skuli einnig setja skilyrði um frágang ef starfsemi verður hætt.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur